



Vinnandi fólk

Alþýðusamband Íslands 100 ára

Vinnandi fólk

Alþýðusamband Íslands 100 ára



Rit Þjóðminjasafns Íslands 40

VINNANDI FÓLK

Alþýðusamband Íslands 100 ára

Bókin er gefin út í tengslum við samnefnda sýningu í Myndasali Þjóðminjasafns Íslands 5.3. - 22.5 2016.
Sýningarhöfundur: Sumarliði R. Ísleifsson
Sýningarstjóri: Sigurlaug Jóna Hannesdóttir

Höfundur greinar: Sumarliði R. Ísleifsson
Ritstjóri: Bryndís Sverrisdóttir
Myndaritstjóri: Inga Lára Baldvinsdóttir
Hönnun og umbrot: Sigrún Sigvaldadóttir/hunang
Ensk þýðing: Anna Yates

Ljósmyndir frá Ljósmyndasafni Íslands í Þjóðminjasafni, Minjasafninu á Akureyri, Ljósmyndasafni Reykjavíkur, Ljósmyndasafni Ísafjarðar og úr fórum ASÍ. Fregnmíðar og auglýsingar eru frá Þjóðskjalasafni Íslands og úr dagblöðum.

Útgefandi: Þjóðminjasafn Íslands

Öll réttindi áskilin

© Texti: Þjóðminjasafn Íslands og höfundur 2016

© Ljósmyndir: Þjóðminjasafn Íslands og ofantalin söfn

Prentun: Svansprent

Ábyrgðarmaður útgáfu: Margrét Hallgrímsdóttir, þjóðminjavörður
Ritnefnd: Margrét Hallgrímsdóttir, Bryndís Sverrisdóttir,
Anna Lísa Rúnarsdóttir

ASÍ styrkti útgáfu og sýningu í tilefni afmælisins.

ISBN 978-9979-790-46-4

ISSN 1680-3183

Efnisyfirlit

Formáli	5
<i>Margrét Hallgrímsdóttir</i>	
Inngangur	9
<i>Gylfi Arnbjörnsson</i>	
Alþýðusamband Íslands 100 ára	13
<i>Sumarliði R. Ísleifsson</i>	
100 Years of the Icelandic Confederation of Labour	41
<i>Sumarliði R. Ísleifsson</i>	
Ritaskrá Þjóðminjasafns Íslands	52



Formáli

Breyting á aðstöðu og aðbúnaði vinnandi fólks er það fyrsta sem vekur athygli þegar litið er yfir ljósmyndir á sýningu helgaðri 100 ára afmæli Alþýðusambands Íslands.

Við sjáum fiskvinnslukonur standa rétt ofan við fjöru og bogra við fiskþvott yfir árabát, óvarðar gegn veðri og vindum. Þær eru að vísu með vatnsheldar svuntur og tvær af þremur með sjóhatta, en ein er aðeins með tvíþumla vettlinga á höndum en bera handleggi við fiskvöskunina. Vosbúð er fyrsta orðið sem kemur upp í huga okkar nútímamanna.

Önnur sterk mynd sýnir okkur tvær eldri konur, veðraðar í framan, sitja með skuplur og svuntur undir yfirbreiddri stæðu af þurrkuðum fiski á grýttu stakkstæði með kaffibrúsa í tágakörfum að fá sér bita. Þessar tvær myndir eru báðar teknar norður í landi um það leyti sem ASÍ var stofnað og eru úr fórum Minjasafnsins á Akureyri. Notkun þeirra á sýningunni er dæmi þess hve mikilvægt er að söfn leggi hvert öðru lið í stórum verkefnum til að árangurinn verði sem bestur.

Börn að störfum birtast okkur á mörgum myndum. Þau hlaupa um stakkstæði til að breiða út fisk, standa á kafi í slorinu í frystihúsinu, bogra yfir síldartunnur við söltun á síldarplaninu eða leggja sig í hópi sjómanna á dekki

*Fiskverkakonur
borða nesti hjá
yfirbreiddri stæðu
af saltfiski á
stakkstæði um
1915.
Ljósmynd Hapag
Lloyd/Minjasafnið
á Akureyri.*



*Matsalur á kvennavinnustað í Reykjavík um 1950.
Ljósmynd SÍS/Ljósmyndasafn Íslands.*

togara. Nærvera barna við störf á ýmsum vígstöðvum minnir okkur á hve stutt er síðan að íslenskt samfélag þurfti að nýta alla sem vettlingi gátu valdið til að vinna að verðmætasköpun til þess að komast af.

Margs konar hættur stinga líka í augun á ýmsum þessarra mynda. Stillansar eru einfaldir að gerð og ekki með neinum handriðum til að loka þeim af, hlífðarglæraugu sjást á myndum úr verksmiðju RAFHA í Hafnarfirði en menn að störfum í járnsmiðjum ganga til verks með óvarin augu og síldarsöltunarstúlkur búa í verbúð án eldvarna. Atvinnuöryggi sem var áður óþekkt hugtak þykir nú sjálfsögð mannréttindi.

Þróunin í aðstöðu starfsmanna til að matast á vinnustað er einnig rakin á sýningunni. Dæmi þess eru konurnar í skjóli seglsins á stakkstæðinu, sem áður var lýst, en líka fólk að drekka kaffi inni á vinnusvæði í prentsmiðju á fjórða áratugnum og stuttu síðar konur á saumastofu að borða í sérstökum matsal, en löngu seinna eða á sjöunda áratugnum eru byggingarverkamenn á hækjum sínum undir húsvegg á byggingarstað að næra sig. Myndirnar vitna þannig um hægfara þróun til betri aðbúnaðar fyrir starfsfólk en líka um ólíkan aðbúnað eftir því við hvaða störf fólk var að vinna.

Sýningin er þannig vitnisburður um framþróun hjá vinnandi fólki á mörgum sviðum á síðustu hundrað árum. Hún er samtímis óður til ljósmyndarinnar sem skrásetningartækis. Orð og frásagnir geta lýst mörgu úr fortíðinni fyrir okkur en þau koma ekki í stað ljósmyndarinnar. Hún sýnir okkur veruleikann svart á hvítu.

Með heillaóskum á aldarafmæli er ASÍ þakkað fyrir mikilsverða samvinnu. Þá hefur Ljósmyndasafn Íslands í Þjóðminjasafni átt gefandi samstarf við Ljósmyndasafn Reykjavíkur í Borgarsögusafni, Ljósmyndasafn Siglufjarðar, Minjasafnið á Akureyri, Kvikmyndasafn Íslands, Ljósmyndasafnið á Ísafirði, Ljósmyndasafn Vestmannaeyja og Þjóðskjalasafn Íslands. Með því gefst tækifæri til þess að veita innsýn í ríkan menningararf þjóðarinnar sem fólgin er í ljósmyndum af vinnandi fólki á liðinni öld.

*Fyrir hönd Þjóðminjasafns Íslands
Margrét Hallgrímsdóttir,
þjóðminjavörður*

ALÞYÐUSAMBAND ÍSLANDS:

ÚTIFUNDUR

Alþýðusambandið gengst fyrir fundi á Lækjartorgi mánudaginn 4. nóvember kl. 3 e. h. til að mótmæla frumvarpi ríkisstjórnarinnar um þvingunarlög á verkalýðssamtökin.

Takið ykkur frí frá störfum á hádegi.

Unið ekki árásinni á félagafrelsið. Fjölmennið á fundinn.

Alþýðusamband Íslands.

Inngangur

Sú veglega ljósmyndasýning sem hér er boðið upp á er samstarfsverkefni Þjóðminjasafns Íslands og Alþýðusambands Íslands á aldarafmæli ASÍ. Á sýningunni er velt upp ýmsum þáttum í aldalangri baráttu Alþýðusambandsins fyrir betra lífi og bættum réttindum launafólks í landinu. Hér er dregin upp mynd af ólíkum störfum alþýðufólks og baráttu þess fyrir réttindum og auknum jöfnuði. Það fer ekki framhjá þeim sem kynna sér sögu 20. aldar á Íslandi að hlutur verkalýðshreyfingarinnar í mótun samfélagsins er bæði stór og mikilvægur. Það blasir líka við að safnkostur Þjóðminjasafnsins er mikilvæg heimild um sögu þessarar baráttu. Hann varpar ljósi á þær erfiðu aðstæður sem íslenskt launafólk bjó við á öllum sviðum langt fram eftir síðustu öld. Það er nauðsynlegt að þekkja söguna til að skilja samtímann og sjá hann í réttu samhengi. Þess vegna er sýning eins og þessi ákaflega mikilvæg.

Þegar við stöndum á tímamótum og lítum yfir farinn veg er freistandi að bera saman hlutverk verkalýðshreyfingarinnar nú og í árdaga. Við slíka skoðun kemur í ljós að margt er svipað en annað hefur breyst mikið. Meginhlutverkið er þó nú sem fyrr að gera kjarasamninga um kaup og kjör og standa með öðrum hætti vörð um stöðu launafólks á vinnumarkaði. Þannig minnir baráttu verkalýðshreyfingarinnar og varðstaða hennar nú um réttindi erlends verkafólks og ungs fólks hér á landi óþægilega mikið á glímu hreyfingarinnar í upphafi við óprúttna atvinnurekendur.

Tilkynning.

Samkvæmt fundarsamþykkt verkmannafélagsins »Dagsbrún« 27. þ. m., verður kaup félagsmanna frá þessum degi, það sem hér segir: Á virkum dögum frá kl. 6 árd. til 6 síðd. 45 aurar um klst. frá kl. 6—10 s. d. 60 aurar..

Á öllum helgidögum, að meðtöldum sumardeg-
inum fyrsta, 1 kr. um klt.

Reykjavík, 31. marz1916.

Stjórnin

Það er að sama skapi ljóst að staða og hlutverk verkalýðshreyfingarinnar í uppbyggingu og framkvæmd velferðarkerfisins hefur tekið miklum breytingum. Í árdaga var það sýn forystumanna ASÍ, sem voru oft og tíðum jafnframt beinir þátttakendur á hinum pólitíska vettvangi m.a. í gegnum pólitískan arm hreyfingarinnar, Alþýðuflokkinn, fyrsta aldarfjórðunginn, að hér ætti að byggja upp sterkt og umfangsmikið opinbert velferðar- og menntakerfi að norrænni fyrirmynd á grundvelli alþýðutrygginga (sem síðar voru nefndar almannatryggingar). Hreyfingin beitti sér bæði beint og í samstarfi við pólitíska samherja sína fyrir mótun velferðarkerfisins, m.a. sem hluta af lausnum við gerð kjarasamninga í þríhliða viðræðum aðila vinnumarkaðar og stjórnvalda. Þessi tenging kjaramála við mótun velferðarkerfisins var á tíðum gagnrýnd af félagsmönnum, þar sem þessar aðgerðir fengu viðurnefnið „félagsmála-pakkar“ sem kæmu í stað launahækkana. Síðar, þegar á þetta reyndi vegna alvarlegra veikinda eða slysa, við atvinnumissi eða þegar komið var að því að draga sig í hlé á efri árum, breyttist þetta viðhorf. Flestir eru nú sammála um að þessi grundvallarréttindi hafi mótað samfélagið meira en flest annað

og tryggt hér meiri jöfnuð og jafnari tækifæri. Á þessari stefnu samtakanna um opinbert velferðar- og menntakerfi varð síðan smátt og smátt breyting í takti við niðurskurð og inngríp stjórnvalda í ýmis þau félagslegu réttindi sem byggðu á lögum, auk þess sem stjórnvöld hafa ekki staðið að nauðsynlegri nýsköpun í velferðarmálum og réttindum launafólks. Samið var við atvinnurekendur um aukinn veikindarétt og stofnun sjúkrasjóða til að treysta stöðu þeirra félagsmanna sem höfðu stopula vinnu eða voru í ýmiss konar farandverkamannavinnu og náðu því ekki að byggja upp samfelldan rétt hjá sama atvinnurekanda. Samið var um stofnun lífeyrissjóða og síðar komu orlofs-húsin, menntakerfið á vinnumarkaði, viðamikil lögfræðiaðstoð og uppbygging starfsendurhæfingar og þjónustu. Að sumu leyti má segja að stéttarfélögin hafi, samhliða því að styrkjast sem stéttarsamtök, þróast sem mikilvæg þjónustu-stofnun fyrir launafólk þar sem félögin eru virkur þátttakandi í að aðstoða og efla félagsmenn á vinnumarkaði. Frá þessu sjónarhorni má fullyrða að verkalýðshreyfingin hafi náð stórkostlegum árangri á mörgum sviðum og verið í forystu fyrir mótun velferðarsamfélagsins. Þessi stefna á vafalítið mikinn þátt í því að í alþjóðlegum samanburði er þátttaka í stéttarfélögum mest hér á landi meðal ríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD). Það segir sína sögu um traust og öflugt starf stéttarfélaganna og heildarsamtaka þeirra, Alþýðusambands Íslands, í heila öld.

Alþýðusamband Íslands þakkar af einlægni þann áhuga sem Þjóðminjasafn Íslands hefur sýnt því verkefni að koma þessari sýningu á fót. Fagmennska og alúð sérfræðinga safnsins hefur einkennt vinnuferlið og fyrir það ber að þakka. Sama gildir um framlag Sumarliða R. Ísleifssonar sem skrifað hefur texta bæði sýningarinnar og þessarar sýningarsskrár. Það er einlæg ósk mín að sem flestir sjái þá glæsilegu ljósmyndasýningu sem hér er boðið upp á og minnst um leið fórnfúsrar baráttu foreldra okkar, ömmu og afa og annarra sem á undan þeim gengu, fyrir þeim réttindum sem við búum við á vinnumarkaði í dag og fyrir því velferðarkerfi sem verkalýðshreyfingin hefur átt þátt í að móta. Það fellur í okkar skaut að verja þann árangur sem náðst hefur og við strengjum þess heit að bæta um betur.

*Gylfi Arnbjörnsson,
forseti Alþýðusambands Íslands*



Útifundur á grjóthrógu á væntanlegum grunni Alþýðuhússins við Hverfisgötu að aflokinni fyrstu kröfugöngu sem farin var í Reykjavík á alþjóðlegum baráttudegi verkalýðsins 1. maí 1923. Ljósmynd Karl Christian Nielsen/Ljósmyndasafn Reykjavíkur.

Sumarliði R. Ísleifsson:

Alþýðusamband Íslands 100 ára

Þið hafið máské heyrt þá sögu sagða til og frá
- er sérstaklega hryggir kaupmenn alla, -
að verkafólkið hérna sé að stilla´ upp stefnuskrá:
að styrkja´ og vernda rétt sinn - er þeir kalla.
Að hugsa sér þá óskammfeilni, er í þessu felst -
hún einhvern tíma´ í þessu lífi´ eða hinumegin gelzt.

*Jón S. Bergmann, „Hafið þið heyrt það?“ Alþýðublaðið 7. apríl 1907, bls. 27
(Ort í tilefni af stofnun og starfsemi Verkamannafélagsins Hlifar í mars 1907).*

Af hverju er mikilvægt að rifja upp og fjalla um sögu verkalýðshreyfingarinnar? Er ekki mikilvægast fyrir stéttarsamtök að sinna því vel sem þeim er ætlað, hagsmunabaráttu launafólks og horfa fram á við í stað þess að líta í baksýnis-
spegilinn? Bresk-þýski sagnfræðingurinn Eric Hobsbawm (1917–2012) velti vitund um söguna fyrir sér í yfirlitsverki sínu um sögu 20. aldar, *Öld öfganna*. Þar segir hann að eitt af því sem hafi einkennt undanfarna áratugi sé það sem hann kallar „eyðing fortíðarinnar“. Og hann bætir við: „Í aldarlok elst flest ungt fólk upp í eins konar varanlegri nútíð og skortir öll lífræn tengsl við opinbera fortíð þeirra tíma sem það lifir“. Af þessu hafði Hobsbawm áhyggjur og lagði áherslu á að við bærum öll varanlegt svipmót af því sem liðið er, nútíðin



ber „varanlegt svipmót af fortíðinni“ eins og hann orðaði það. Það er því ekki hægt að skilja samtímann nema við þekkjum fortíðina, það er boðskapur Hobsbawms.¹

Hvernig er staðan að því er varðar verkalýðshreyfinguna og framlag hennar til samfélagsins? Hún er bæði góð og slæm. Verkalýðshreyfingin er öflugasta félagshreyfing þjóðarinnar og líka öflug stofnun. Margir vita af hreyfingunni, margir njóta þjónustu hennar, sýna skilning á hlutverki hennar en þau eru kannski ekkert sérlega mörg sem hafa áhuga á að starfa innan hennar eða gera sér grein fyrir framlagi hennar til samfélagsins. Ég hika ekki við að staðhæfa að almennt ríkir lítill skilningur á því hvaða hlutverki verkalýðshreyfingin hefur gegnt. Þess vegna er mikilvægt að rifja upp söguna og vekja athygli á framlagi hreyfingarinnar. Á sýningu í tilefni af hundrað ára sögu Alþýðusambandsins er fjallað um þetta framlag og vegferð verkalýðshreyfingarinnar.

Við verkamenn skipum sérstaka stétt í þjóðfélaginu.
Við lifum við önnur lífskjör, en aðrar stéttir. Við
erum allir snauðir; eigum ekki fé, ekki lönd, ekki
framleiðslu eða fjárafla og engin réttindi sem látin
verða í askana. Það eru aðrar stéttir, sem þessi gæði
eiga. ... Nú er svo komið, að við eigum líf okkar og
velferð undir öðrum, þörfum þeirra, ástæðum þeirra,
vilja þeirra og jafnvel dutlungum.

„Formáli“, *Verkamannablað*, 1. blað, maí 1913, bls. 1.

Fyrstu verkalýðsfélögin hérlendis voru stofnuð kringum 1890 en urðu skammlíf. Frá og með stofnun Bárufélaganna (hið fyrsta 1894) má rekja samfellda sögu verkalýðsfélaga hér á landi. Enn er starfandi félag (í sveitarfélaginu Árborg) sem á rætur að rekja til fyrstu Bárufélaganna (Bárunnar á Eyrarbakka). Bárufélögin voru félög sjómanna en um og eftir aldamótin 1900 komu smám saman til sögunnar nokkur félög landverkafólks í helstu bæjum landsins, í Reykjavík, Hafnarfirði, á Ísafirði, Akureyri og á Seyðisfirði.

Kalla má tímabilið fram til 1916 bernskuskeið verkalýðshreyfingarinnar. Þá fetaði hreyfingin sín fyrstu skref, tilraunir voru gerðar til að beita verkfallsvopninu og a.m.k. sum félaganna fengu atvinnurekendur til að fallast á kröfur sínar og þar með að viðurkenna tilvist sína. En enn var þó langt í land

Börn breiða út fisk undir verkstjórn á stakkstæði neðan við sjógarðinn á Stokkseyri sunnudaginn 15. júní 1952. Ljósmynd Hjálmar R. Bárðarson/ Ljósmyndasafn Íslands.

¹ Eric Hobsbawm, *Öld öfganna. Saga heimsins á 20. öld*, 1999, bls. 15.



Á stríðsárunum þjónaði sandpokavirki í Bakarabrekkunni í Reykjavík sem svið fyrir hátíðarhöldin 1. maí. Myndin er frá árinu 1944.

með almenna viðurkenningu á verkalýðshreyfingunni. Á þessum tíma var lögð áhersla á sjálfsþurftarbúskap verkafólks, stofnuð pöntunarfélög og reynt að setja reglur um vinnutíma og launagreiðslur. Þá komu verkalýðsfélögin sér upp styrktarsjóðum af ýmsu tagi fyrir félagsfólk sitt.

Nýtt skeið hófst þegar Alþýðusambandið var stofnað 12. mars 1916 sem heildarsamtök verkafólks og stjórnmalaflokkur þess, undir nafni Alþýðuflokksins. Stofnendur voru sjö félög í Reykjavík og Hafnarfirði. Þar af var eitt félag verkakvenna. Sambandið var þannig skipulagt að það var samband stéttarféлага sem höfðu fullt sjálfræði í sínum málum. Miðstýringarvald sambandsins var takmarkað og mun minna en tíðkaðist yfirleitt í nálægum löndum. Aðildarfélög voru bundin við starfsgreinar, staði og kynferði.

Okkur var það gleðiefni að frétta að verkamenn á Bakkafirði hefðu nú bundist samtökum til að vernda hagsmunum sína og reisa rönd við yfirgangi atvinnurekandans ... Sum félögin hafa í byrjun félagsskaparins ekki viljað ganga í Alþýðusambandið, lent síðan í deilum, oft vegna þess eins að atvinnurekendur vissu að það var ekki í Alþýðusambandinu og töldu sig því hafa í öllum höndum við það. ... [En] beittasta vopnið gegn atvinnurekendum, er vald Alþýðusambandsins til að stöðva framskipun og flutninga á vörum til þess atvinnurekanda sem einstök félög þess eiga í deilum við.

*Þjóðskjalasafn Íslands. Bréf ASÍ til Einars Höjgaards á Bakkafirði 11. júlí 1935.
Sögus. verkal. A01 20/2. Skrifstofa. Bréfaskipti 1935–1939.*

Fyrir 1930 var íslensk verkalýðshreyfing einkum byggð upp af félögum erfiðisvinnufólks í frumvinnslugreinum þó að þar væru einnig nokkur félög iðnmenntaðs fólks. Þetta var ólíkt því sem var í nágrannalöndunum þar sem iðnaðarmenn og iðnverkafólk var kjarni hreyfingarinnar. Á fjórða áratugnum fóru fleiri hópar að stofna stéttarfélög; iðnaðarmenn, iðnverkafólk og fólk við þjónustu- og umönnunarstörf. Eftir 1940, þegar aðskilnaður Alþýðusambandsins og Alþýðuflokksins var orðinn að veruleika, fjölgaði félögum innan ASÍ hratt og verkalýðshreyfingin náði til flestra hópa og landshluta, að undanskildum þorra verslunarfólks sem ekki gekk í ASÍ fyrr en eftir 1960 og víða stóðu konur utan hreyfingarinnar; þeim fjölgaði eftir að komið var fram yfir miðja 20. öld.



*Séð yfir síldarplan á Siglufirði sumarið 1956.
Ljósmynd Guðni Þórðarson/Ljósmyndasafn Íslands.*

Atvinnurekendur tóku verkalýðsfélögum ekki fagnandi og töldu þau til óþurftar. Í fyrstu var því tvíbentur ávinningur af því að vera í verkalýðsfélagi. Algengt var að fólk sem stóð framarlega í baráttunni ætti í erfiðleikum með að fá vinnu, jafnvel um langt skeið. Stærri félögin fengu mörg hver viðurkenningu á tilvist sinni og rétt til að gera samninga á fyrstu starfsárum sínum, en það gildi síður um minni félög úti um land. Þau stóðu enn í baráttu fyrir viðurkenningu á fjórða áratugnum og varð sú barátta sums staðar mjög hörð. Þegar sá áfangi hafði náðst fjölgaði mjög í félögunum; það var orðið hagsmunamál að vera í þeim en utanfélagsfólk fékk síður vinnu. Eftir því sem frá leið urðu augljósari ávinningar af því að vera í stéttarfélagi. Laun hinna skipulagsbundnu voru hærrí en þeirra sem stóðu utan félaga og skipulagsbundið fólk hafði margvísleg réttindi sem aðrir höfðu ekki. Verkalýðshreyfingin var því komin í sterka stöðu þegar leið á fjórða áratuginn og orðin ein af helstu valda- stofnunum samfélagsins.

Í aprílmánuði [1934] bárust kvartanir yfir því, að mjög lágt kaup væri víða greitt á fiskstöðvum, og að þar ynnu utanfélagsmenn. Stjórnin [Dagsbrúnar] gekk í málið, lýsti menn í verkþann ef þeir ynnu án þess að vera í félaginu, og eftir stuttan tíma samþykkti félagið taxa, og atvinnurekendur, sem fiskstöðvar höfðu, undirrituðu samninga [og] að félagsmenn sætu fyrir allri þessari vinnu.

„Ársskýrsla Verkamannafél. Dagsbrún fyrir árið 1933“,
Alþýðublaðið 30. janúar 1934, bls. 3.

Samskipti aðila á vinnumarkaði breyttust með setningu vinnulöggjafarinnar árið 1938. Þau takmörkuðu starf hreyfingarinnar að vissu leyti en veittu henni líka mikil réttindi, fyrir utan að hún og baráttuaðferðir hennar voru formlega viðurkenndar. Allt frá því að vinnulöggjöfin tók gildi hérlendis árið 1938 varð í raun skylduaðild að verkalýðsfélögunum þó svo að formlega væri það ekki, eins og staðfest var síðar á 20. öld. Á ofanverðri 20. öld fækkaði fólk í verkalýðshreyfingunni víða um lönd með framrás nýfrjálshyggjunnar. Staðan var þó mjög ólík eftir löndum. Þátttaka í verkalýðsfélögum var og er langmest á Norðurlöndum. Ísland er þar efst á lista og eiga rúmlega fjórir fimmtu hlutar launafólks aðild að stéttarfélagum. Víða í Evrópu er þátttaka í verkalýðsfélögum langtum minni og í sumum Evrópulöndum sáralítill.

*Kröfuganga liðast
niður Bankastræti
til útifundar
á Lækjartorgi
1. maí um 1965.
Ljósmynd
Ari Kárason/
Ljósmyndasafn
Íslands.*



Hann Árvakur er okkur sóma til,
allir játa svona hér um bil;
er út af launum eggjahrið varð grimm,
hann upp þau dreif í 95.

*Einar Bragi Sigurðsson, Eskja. Sögurit Eskfirðinga IV, 1983, bls. 58
(Ort um kjarabaráttu verkalýðsfélagsins Árvakurs á Eskfirði árið 1922 þegar
launin voru hækkuð í 95 aura).*

Alþýðusambandið var stofnað í miðri styrjöld, 1916, á erfiðleikatímum með þverrandi kaupmætti. Staða mála batnaði undir lok áratugarins og laun hækkuðu, en í efnahagskreppunni á fjórða áratugnum var stöðugt stríð um launin, enda höfðu atvinnurekendur tilhneigingu til að lækka laun á þessu tímabili. Þeir sem höfðu stopula eða enga vinnu voru illa settir; atvinnubótavinna hjálpaði sumum. Konur höfðu mun lægri laun en karlar. Verkalýðshreyfingin lagði mikla áherslu á sjálfshjálp og sjálfsþurft á millistríðsárunum. Alþýðufólk var hvatt til garðræktar og pöntunarfélög og kaupfélög, tengd verkalýðshreyfingunni efldust. Fyrirmyndir voru fengnar frá hinum Norðurlöndunum. Flestir reyndu að búa að sínu eins og hægt var. Verkalýðshreyfingin rak líka fyrirtæki sem hugsuð voru almenningi til hagsbóta og hið sama gerðu bæjarfélög sem jafnaðarmenn stjórnðu.

Í fyrstu var ekki um eiginlega kjarasamninga að ræða á milli launafólks og atvinnurekenda. Verkalýðsfélögin auglýstu einfaldlega taxta sína. En fljótlega var þó farið að gera samninga um laun og önnur kjör. Formlegir milligöngumenn voru þó ekki fyrr en embætti ríkissáttasemjara var stofnað árið 1925. Afskipti ASÍ af kjaradeilum fyrstu áratuginna fólust í aðstoð við samningsgerð, ef samningar höfðu ekki tekist, og að stuðla að gerð samninga hjá nýjum og óreyndum stéttarfélögum, sem og að fá fram viðurkenningu á þeim, fyrir utan margvíslega upplýsingagiöf og aðra aðstoð við einstök félög. – Fyrst og fremst var ASÍ mikilvægur bakhjarl einstakra félaga á millistríðsárunum. Sambandið var tákn um gildi samstöðunnar og þangað gátu aðildarfélög leitað ef nauðsyn bar til og fengið stuðning til þess að leiða deilumál til lykta.

Verkalýðshreyfingin náði fram gríðarlegum kjarabótum á styrjaldarárunum 1939–1945 og kaupmáttur hélt áfram að aukast fram eftir fimm áratugnum en eftir það breyttust aðstæður. Verkalýðshreyfingin háði varnarbáttu um árabíl sem miðaði að því að reyna að viðhalda því sem áunnist hefði. Eitt helsta viðfangsefni hreyfingarinnar á þessum tíma var að jafna kjör verkakarla á landsvísu svo að kauptaxtar væru sem líkastir hvar sem væri á landinu.



*Verslunareigandi
tilkynnir um
verkfall hjá
félagsmönnum
Verzlunarmanna-
félags Reykjavíkur
í mars árið 1966.*

*Ljósmynd
Vísir/safn 365/
Ljósmyndasafn
Reykjavíkur.*

Eftir myndun Viðreisnarstjórnarinnar 1959 urðu í fyrstu hörð átök á milli verkalýðshreyfingarinnar og ríkisstjórnarinnar en það breyttist er frá leið. Verkalýðshreyfingin, eða hlutar hennar, hafði sýnt aukinn skilning á því á þessum tíma að kaupmáttur væri það sem skipti máli í kjarabaráttunni, en ekki aðeins launahækkanir. Svo fór að samstarf náðist á milli verkalýðshreyfingarinnar og stjórnvalda eftir 1963 um að fara aðrar leiðir í kjarabaráttunni en verið hefði um skeið – að semja fremur um kaupmátt en kauphækkanir. Sjónum var beint að öðrum þáttum sem skiptu miklu máli fyrir lífskjör fólks, ekki síst húsnæðismálum. Þá málaflokka hafði verkalýðshreyfingin í raun vanrækt í áratugi.

Kaupmáttur jókst hratt á áttunda áratugnum en það gerði verðbólgan líka. Ekki náðist samstaða með stjórnvöldum og verkalýðshreyfingunni um hvaða leiðir væru helst færar til lausnar efnahagsvanda þessa tíma. Kjarasamningar stóðu sjaldnast lengi óskertir. Samstaða aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda um breytt vinnubrögð náðist ekki fyrr en með þjóðarsáttarsamningunum árið 1990. Eftir það varð samráðsstefna ráðandi í kjarabaráttunni, reyndar miklu síðar en í nágrannalöndunum. – Með sigri hennar dró úr verkföllum. Verkföll höfðu verið algeng hérlendis allt fram um 1990. Þau voru jafnvel á hverju ári og stundum svo vikum skipti. Ísland hafði lengi algjöra sérstöðu í þessum efnum, samanborið við hin Norðurlöndin. Eftir 1990 voru viðhorfin orðin breytt og fólk í stéttarfélagum innan ASÍ fór æ sjaldnar í verkföll.

Þegar verkalýðshreyfingin var að stíga sín fyrstu skref var verkafólk nánast með öllu réttlaut, vart nokkur ákvæði um tryggingar, aðstöðu, búnað, vinnutíma, laun eða annað. Á fyrri hluta 20. aldar var vinnumarkaðurinn heldur ekki líkur því sem nú er. Vinna var oft stopul og árstíðabundin og fáir fastráðnir. Atvinnuleysi var algengt en atvinnuástand var sérlega slæmt á árunum eftir 1920 og á fjórða áratugnum. Þeir sem höfðu ekki vinnu áttu í miklum erfiðleikum með að sjá sér og sínum farborða. Þegar neyðin barði að dyrum var um fátt að velja, gætu ættingjar ekki aðstoðað. Stundum veittu hjálparsamtök í Reykjavík fólki aðstoð, eins og Vetrarhjálpin eða Mæðrastyrksnefnd.

Einstök verkalýðsfélög fóru snemma að stofna styrktarsjóði af ýmsu tagi fyrir félagsfólk sitt og á fyrstu árum sínum stóð ASÍ bæði fyrir vinnumiðlun og skráningu atvinnulausra. Síðar tóku stjórnvöld að sér hvort tvegga. Þau gengust einnig fyrir atvinnubótavinnu á þriðja og fjórða áratugnum, ekki síst fyrir tilstilli verkalýðssamtakanna. Það bætti úr brýnni þörf, en neyð margra



*Sóknarstúlka að störfum við þrif á spítalagangi 1975.
Ljósmynd Ari Kárasón/Ljósmyndasafn Íslands.*

var þó mikil engu að síður, ekki síst kvenna, og þeim var ekki boðin atvinnu-
bótavinna nema í mjög takmörkuðum mæli. Mikið atvinnu- og bjargarleysi olli
úlfúð á fjórða áratugnum og urðu ekki meiri samfélagsátök hér á landi fyrr en á
fyrsta áratugi 21. aldar. Aldrei varð þó byltingarástand hérlendis þrátt fyrir að
margir óttuðust það.

Almannatryggingar voru veikburða fram eftir 20. öld en smám saman
lagaðist ástandið. Stærsta skrefið á millistríðsárunum var samþykkt alþýðu-
tryggingalaganna árið 1936 og skyldra laga um svipað leyti. Almannatrygginga-
kerfið þróaðist þó hægar hér á landi en í nágrannalöndunum og réttarbætur
komu iðulega síðar en í helstu viðmiðunarlöndum þjóðarinnar. Verkakonur
fóru t.d. almennt ekki að fá fæðingarorlof fyrr en um miðjan áttunda áratuginn.
Mestar réttarbætur á því sviði voru svo gerðar árið 2000.

Fyrstu lífeyrissjóðir launafólks hér á landi voru stofnaðir um 1920 fyrir
afmarkaða hópa opinberra starfsmanna, en almennir urðu lífeyrissjóðir ekki
fyrr en hálfri öld síðar. Samið var um stofnun lífeyrissjóða fyrir almennt
verkafólk í kjarasamningum árið 1969. Annar mikilvægur áfangi hafði náðst
í kjarasamningum árið 1955, hörðustu kjaradeilu 20. aldar. Þá var samið um
að koma á atvinnuleysistryggingum. Lítt reyndi þó á þessar tryggingar nema
á afmörkuðum tímabilum vegna þess hversu atvinnuleysi var yfirleitt lítið
hérlendis. Meira atvinnuleysi en nokkru sinni varð eftir hrunið 2008. Það varð
tæplega 10% um tíma eða svipað og hafði verið í mörgum nágrannalandanna
um árabíl.

Íbúð þessi er svo rakafull, að varla finnst þur
blettur á gólfi né veggjum og eru myglublettir í báðum
herbergjunum, og allur fatnaður fjölskyldunnar liggur
undir skemdu af þessum ástæðum. Auk þess liggja skolp-
leiðslupípur hússins gegn um annað íbúðarherbergið, og
eru þær svo óþéttar, að úr þeim seytlar, og er af því
hinn megnasti óþefur í íbúðinni.

„Húsnæðisvandræðin“, Alþýðublaðið 30. júlí 1925, bls. 2.

Ófremdarástand ríkti í húsnæðismálum alþýðufólks á fyrstu áratugum 20.
aldar, ekki síst vegna þess að fólk í þéttbýli fjölgaði hratt. Algengt var að fólk
byggði í slæmu en dýru húsnæði og þröngbýli gat verið mikið. Fyrstu tilraunir
til að ráða bót á ástandinu má rekja til árána í kringum 1920 með stofnun
Byggingafélags Reykjavíkur sem var á vegum verkálýðshreyfingarinnar. Mun



*Byggingarsvæði í nýju hverfi Reykjavíkur, Breiðholti, um 1970.
Ljósmynd Ari Kárasón/Ljósmyndasafn Íslands.*

stærra skref var þó stigið með lögum um verkamannabústaði frá árinu 1929. Verkamannabústaðir voru reistir á félagslegum grunni en voru þó í eigu íbúa, voru félagslegar eignaríbúðir. Þrátt fyrir að íbúðabyggingar af þessu tagi væru stórt skref fyrir alþýðufólk víða um land var langt frá því að eftirspurninni væri fullnægt, enda byggt minna en vonir stóðu til og ófremdarástand var í húsnæðismálum víða um land langt fram á sjöunda áratug 20. aldar. Í höfuðborginni var gert mikið átak í húsnæðismálum eftir miðjan sjöunda áratuginn þegar fjölmargar íbúðir voru byggðar fyrir efnaminna fólk í Breiðholti eftir samkomulag verkalýðshreyfingarinnar og stjórnvalda. Verkamannabústaðakerfið var eftl á áttunda og níunda áratugnum en svo fór þó að það var lagt niður um aldamótin 2000.

Verkamannabústaðirnir eru nú að mestu fullgerðir og fjölskyldurnar eru þegar margar fluttar í þá. Verkamannabústaðirnir eru 14 hús sambygð. Þau eru tvílyft og eru í þeim 54 íbúðir alls, en auk þess tvær sölubúðir, önnur fyrir mjólk og brauð (Alþýðubrauð-gjerðin), og hin fyrir nýlenduvörur, og mun Kaupfélag alþýðu taka þar til starfa innan skamms. ... Hverri íbúð fylgir: eldhús, baðherbergi með kerri og W.C. og þvottaskál ... Þeir eru uppeldisstofnun fyrir alþýðuna, þeir eru menningarmál.

*„Hollar og bjartar íbúðir handa 54 alþýðuffjölskyldum“,
Alþýðublaðið 9. maí 1932, bls. 2.*

Litlar takmarkanir voru á vinnutíma á fyrstu árum verkalýðshreyfingarinnar, aðrar en hefðir og venjur. Unnið var eins og þörf var talin á af hálfu vinnuveitenda. Einstök félög fóru þó snemma að semja um takmörkun vinnutímans, t.d. sömdu prentarar um það árið 1919 að dagvinna skyldi vera átta stundir. Daglegur vinnutími almenns verkafólks var þó mun lengri. Mikilvægur áfangi náðist með samþykkt vökulaganna árið 1921, en þau takmörkuðu mjög vinnutíma togarasjómannna. Lágmarkshvíldartími þeirra á sólarhring varð sex stundir eftir setningu laganna. – Börn voru mikilvægt vinnuafli á fyrri hluta 20. aldar og mörg dæmi voru um að farið væri offari við vinnu barna. Ekki voru sett lög um takmarkanir á barnavinnu fyrr en á ofanverðum fimmta áratugnum, en kjarasamningar gátu stundum um slíkar takmarkanir.



*Áhafnarmenn, þar á meðal ungir drengir, hvíla sig á þilfari
Garðars GK 25 árið 1938.*

Ljósmynd Guðbjartur Ásgeirsson/Ljósmyndasafn Íslands.

Á aldrinum 6-7 ára byrjaði ég að þækla síld á plani og fékk einhvern smáaur fyrir. Beitning 8-9 ára og ég þurfti að standa á stampi til að ná ofan í balann. Þá kom greiðsla fyrir þjóðið og sá peningur fór í heimilið. Átta ára fór ég í sveit á sumrum til 14 ára aldurs. Þar var ég kúasmali, mokaði flórinn og fór með mat á engjar.

Þjóðháttafafn Þjóðminjasafns A: 11301. kk 1922.

Vinnutími almenns launafólks var langur, langt fram eftir 20. öld, og yfirleitt mun lengri en í helstu samanburðarlöndum Íslendinga. Sá áfangi náðist þó árið 1972 að lög voru sett um 40 stunda vinnuviku og smám saman var farið að takmarka vinnutímann með nýjum reglum. Stærstu skrefin á því sviði voru tekin um miðjan tíunda áratuginn. – Frítími, utan helgidaga, var kannski ekki óþekkt hugtak í orðaforða alþýðufólks á fyrri hluta 20. aldar, en orlof eins og nú tíðkast þekktist ekki. Fyrsta áfanga á þessu sviði tóku prentarar um miðjan annan áratug 20. aldar, en lítið gerðist þó í þessum málum fyrir en á fjórða áratug aldarinnar. Þá fóru nokkur félög að semja um 12 daga sumarfrí. Lög um orlof voru svo sett árið 1943 (12 dagar) í samræmi við kröfur verkalýðshreyfingarinnar. Lengi vel nýttu margir sér orlof til þess að stunda aðra vinnu. Tækifæri til þess að njóta orlofs jukust þó smám saman og áhugi hjá verkafólki til þess að nýta þessi réttindi sömuleiðis. Langan tíma tók þó að „kenna“ fólki að fara í frí. Liður í því var m.a. að koma upp orlofshúsum á vegum verkalýðshreyfingarinnar sem vinnandi fólk hefur haft aðgang að nú um hálfra aldar skeið.

Verkalýðshreyfingin lagði ekki mikla áherslu á vinnuvernd á fyrsta skeiði sínu þrátt fyrir að mikil þörf væri á því. Afar brýnt var að bæta aðbúnað flests vinnandi fólks langt fram eftir 20. öld. Hann var víða illur og vinna erfið, ekki síður fyrir konur en karla. Vinnuslys, -meiðsli og -sjúkdómar voru algeng, enda var frágangur á vélum og tækjum, svo og búnaður fólks og klæðnaður oft ófullnægjandi. Þá var víða vanþekking á véla- og efnanotkun. Á fyrstu áratugum 20. aldar varð þó mikilvæg breyting á skófatnaði en gúmmískór og -stígvél urðu algengur fótabúnaður á þessum árum. Eftirlit með vinnustöðum af hálfu hins opinbera var lítið þrátt fyrir setningu laga um eftirlit með verksmiðjum og vélum frá 1928.



*Fólk á leið í sumarbústað í sumarbústaðalandi
Prentarafélagsins í Miðdal við Laugarvatn um 1950.
Ljósmynd Arngrímur Ólafsson/Ljósmyndasafn Íslands.*

Starfsmaður skipasmíðastöðvar hér í bæ sýktist af blýeitrun. Lamanir augnvöðva, góms og raddbanda voru mest áberandi einkennin. Hann hafði all-lengi unnið að því að ryðberja og menjubera skipsskrokka. Því hafði oft fylgt mikið ryk, og sjálfur hafði sjúklingurinn víst ekki verið sérlega hreinlegur með hendur sínar og andlit, enda hafði hann allan tímann ekki minnstu hugmynd um hættuna. Enginn hafði varað hann við henni.

Alfreð Gíslason, „Um blýeitrun“, Vinnan I, 1943, bls. 82.

Verkalýðshreyfingin fór að sinna aðbúnaðarmálum í vaxandi mæli á sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar. Þá fóru augu manna að beinast að þessum þætti meira en verið hafði. Það var bæði vegna þess að kjörin höfðu batnað og líka fyrir áhrif frá verkalýðshreyfingunni á hinum Norðurlöndunum sem mikið var leitað til. Margt var athugavert, óloft, hávaði, kuldi, röng líkamsbeiting og mikið vinnuálag. Barátta verkalýðshreyfingarinnar leiddi til þess að sett voru lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum árið 1980 og með auknu eftirliti og vegna átaks verkalýðshreyfingarinnar og viðeigandi stofnana á vinnustöðum urðu miklar breytingar næstu áratuginna.

Allt fram á ofanverða 20. öld var lítið um erlent verkafólk hérlendis og strangar takmarkanir á því að það fengi leyfi til þess að vinna hér á landi. Undir 1980 fór erlendu verkafólki að fjölga, einkum í tilteknum atvinnugreinum. Segja má að alger umskipti hafði orðið í þessum málum eftir aldamótin 2000 í þeirri miklu þenslu sem þá varð. Eftir það fjölgaði erlendu fólki á vinnu- markaði mjög ört og varð svipað hlutfall og erlendis. Þessi mál urðu meðal helstu viðfangsefna verkalýðshreyfingarinnar á nýrri öld. Verkalýðshreyfingin stóð þá frammi fyrir því að sinna málum sem vörðuðu grundvallarmannréttindi verkafólks, svipað og í árdaga hreyfingarinnar. Sambærilegt ástand var þó víða í nágrennaríkjum Íslands.

Verkalýðshreyfingin var aðallega hugsuð fyrir verkakarla langt fram eftir 20. öld, enda var lítið á þá sem fyrirvinnur og að konur væru í umsjá þeirra. Alþýðusambandið studdi vissulega við baráttu verkakvenna og að þær stofnuðu félag, en þar átti Kvenréttindafélag Íslands einnig mikinn hlut að máli. Eðlilegt þótti að laun kvenna væru miklu lægri en karla og áhrif kvenna innan hreyfingarinnar voru lengi afar lítil. Fáar konur voru í forystu ASÍ, stundum



engin. Alþýðuflokkurinn hafði heldur ekki nema örfáar konur í forystusveit sinni. Sumum körlum innan verkalýðshreyfingarinnar þótti jafnvel sem verka-kvennafélögin ættu fremur að sinna velferðarmálum en kjaramálum. Kynja-skipt félög voru algeng, mun algengari en í nágrannalöndunum. Vegur kvenna innan hreyfingarinnar fór ekki að aukast að neinu marki fyrr en komið var vel fram á síðari hluta 20. aldar, enda fjölgaði konum á vinnumarkaði þá verulega.

Ég skal taka hér nokkur atriði upp úr samningunum, sem nú eru í gildi og um þetta fjalla. Þar segir, að fyrsta flokks fulltrúi, aðalbókari, fulltrúar annars flokks og bréfritarar fyrsta flokks svo og sölu-stjórar og aðalgjaldkerar skuli vera í hæsta launa-flokki eingöngu karlar. ... Það er fyrst þegar komið er niður í b-lið fjórða flokks, sem fjallar um laun aðstoðarfólks á skrifstofum, að gert er ráð fyrir bæði körlum og konum í sama launaflokki. Þetta er engin þjóðsaga. Þetta er úr hinu daglega lífi núna árið 1955 samkv. nýgerðum samningi atvinnurekenda og verzlunarmanna hér í Reykjavík.

Alþingistíðindi. C 1955, bls. 564 (Úr þingræðu Hannibals Valdimarssonar, forseta Alþýðusambandsins).

Á ofanverðum sjötta áratugnum varð ein helsta krafa verkakvenna að þær fengju greidd sömu laun og karlar fyrir sömu vinnu, að kynbundnir taxtar væru afnumdir. Stöku verkalýðsfélag hafði náð þessum árangri þegar fyrir 1950. Samhliða var unnið að því að samræma kjör kvenna hvar sem væri á landinu og mátti segja að því marki væri náð árið 1960. Sú krafa að afnema kvennataxta náðist hins vegar ekki fram fyrr en eftir 1960 eftir að sett voru lög (1961) um launajafnrétti kynjanna. Þetta gerðist á svipuðum tíma og á hinum Norðurlöndunum, og margir héldu að jafnrétti í launamálum næðist þar með á skömmum tíma. Samhliða hættu verkalýðsfélögin smám saman að vera með sérstaka kauptaxta fyrir karla og aðra fyrir konur. Á áttunda áratugnum var vakning í launabaráttu kvenna samhliða því að konum á vinnumarkaði fjölgaði mikið. En þrátt fyrir aukna baráttu og athygli á stöðu kvenna hefur þó gengið hægt að draga úr launamun á milli kynja. Enn er verulegur óútskýrður munur á milli launa karla og kvenna og störf þeirra iðulega metin til lægri greiðslu en karlar fá.

Iðnverkakona setur saman raftæki í verksmiðju Rafha í Hafnarfirði um 1950. Ljósmynd Guðni Þórðarson/Ljós-myndasafn Íslands.



Félagsmenn í verkalýðsfélagi á námskeiði í framsögn hjá Menningar- og fræðslusambandi alþýðu. Gunnar Eyjólfsson leikari leiðbeinir.

Einar Karlsson/Þjóðviljinn/Ljósmyndasafn Reykjavíkur.

Konur áttu frá upphafi erfitt með að komast til áhrifa innan verkalýðshreyfingarinnar. Árið 1972 var aðeins ein kona í miðstjórn ASÍ. En frá öndverðum níunda áratugnum fór hlutdeild kvenna og áhrif á forystu Alþýðusambandsins smám saman vaxandi og frá 1984 hefur varaforseti ASÍ verið kona. Nú eru konur um fjórðungur miðstjórnarmanna Alþýðusambandsins og má augljóslega gera betur.

Frá öndverðu gengust mörg verkalýðsfélög fyrir menningar- og fræðslustarfsemi fyrir félagá sína, t.d. fyrirlestur og sum staðar störfuðu kvöldskólar. Á þingi Alþýðusambandsins árið 1936 var ákveðið að stofna Menningar- og fræðslusamband alþýðu, MFA, og var ætlunin að sambandið stæði bæði fyrir útgáfu og námskeiðum. Sambúð MFA og ASÍ varð þó stutt vegna þess að það fylgdi Alþýðuflokknum en ekki ASÍ þegar skilið var á milli flokks og sambands árið 1940. MFA var stofnað að nýju sem fræðslu- og menningardeild innan ASÍ árið 1968 enda var öflug fræðslustarfsemi á vegum heildarsamtakanna á hinum Norðurlöndunum vel þekkt og tekin til fyrirmyndar. Smám saman hefur menntun og fræðsla orðið einn af meginþáttum í starfsemi ASÍ og aðildarsamtaka þess. Það má því segja að gamall draumur hreyfingarinnar um verkalýðsskóla hafi loks ræst er langt var liðið á 20. öld.

Félagsstarfið í Vestmannaeyjum árið 1985.

Fundahöld eru mikil í þessu félagi [Snót í Vestmannaeyjum]. Bara það sem af er þessu ári er búið að halda aðalfund og þrjá almenna félagsfundi. Að auki hafa verið haldin bónustrúnaðarmannanámskeið og félagslegt trúnaðarmannanámskeið fyrir fiskvinnsluna og líka námskeið fyrir fólk á sjúkrahúsinu og á elliheimilinu. Snót tekur þátt í útgáfu sameiginlegs fréttabréfs með Verkalýðsfélagi Vestmannaeyja og Sjómannafélaginu Jötni, og það eru stöðugt í gangi fundir út af því.

*„Konunum þykir vænt um félagið sitt segir Vilborg Þorsteinsdóttir, varaformaður“.
Þjóðviljinn 11. júlí 1985, bls. 11.*

Verkalýðshreyfingin almennt lagði verulega áherslu á félagslíf og að efla „alþýðumenningu“. Í því fólst að þróa hugmyndakerfi og taka upp siði og venjur sem treystu vitund fólks um stéttarstöðu sína sem sérstaks hóps



*Fundur verkamanna 1. maí á Skólalálanum á Siglufirði,
líklega 1933.*

Ljósmynd Einar Kristjánsson/Ljósmyndasafn Íslands.

með sameiginlega hagsmuni og sérstaka menningu. Fyrirmynda var leitað í nágrannalöndunum og hjá alþjóðahreyfingunni, auk innlendra hreyfinga á borð við ungmennafélögin og bindindishreyfinguna. Í þessu samhengi urðu ýmis tákni mikilvæg; söngvar, rauðir fánar og alþýðuhús. Gengist var fyrir skemmtunum og skemmtiferðum, og bindindi var hjartans mál hreyfingarinnar. Óregla var talin vera vatn á myllu stéttarandstæðingsins og því bæri að berjast gegn henni af hörku. Þá gegndi 1. maí miklu hlutverki í þessu sambandi, sem eins konar hersýning verkalýðshreyfingarinnar. Allmörg félög víða um land byggðu einnig eða keyptu húsnaði fyrir starfsemi sína. Slíkar byggingar voru til vitnis um sjálfstæði og kraft hreyfingarinnar og var komið upp með fórnfýsi félaganna. Skrifstofuhald á vegum ASÍ hófst árið 1930 og stærstu verkalýðsfélögin fóru um svipað leyti að hafa opna skrifstofu hluta úr degi.

Alþýðusambandsþingin í þá daga voru mjög merkilegar samkomur og stóðu meira og minna óslitið í tvær vikur. Þá komu verkamenn og sjómenn af öllu landinu og héldu þessar dynjandi ræður með tilvitnunum í öll okkar bestu skáld og rithöfunda. Mér fannst óskaplega gaman á þessum þingum.

„Aðalheiður Hólm, fyrsti formaður Starfsstúlknafélagsins Sóknar“, Vinnan XXXV (1985) 6. tbl., bls. 16.

Þegar litið er yfir farinn veg og hlutverk verkalýðshreyfingarinnar nú borið saman við hlutverk hennar í árdaga kemur í ljós að margt er svipað en annað hefur breyst mjög. Meginhlutverkið er vissulega að sinna um kaup og kjör, gera kjarasamninga og standa vörð um áunnin réttindi, en hlutverk hennar er þó ekki síður að vera mikilvæg þjónustustofnun fyrir launafólk, auk þess sem verkalýðshreyfingin hefur tekið yfir hluta af almannatrygginga- og mennta-kerfinu. Þannig sér verkalýðshreyfingin m.a. um öflugt fræðslukerfi, orlofshús, sjúkrasjóði og veitir lögfræðiaðstoð. Verkalýðshreyfingin hefur því náð stórkostlegum árangri á mörgum sviðum og verið í forystu fyrir mótun velferðar-samfélagsins.

Erfitt er að meta afstöðu fólks til verkalýðshreyfingarinnar hér á landi. Aðild að stéttarfélögum segir einhverja sögu en alls ekki alla. Þegar afstaða til verkalýðshreyfingarinnar er könnuð kemur í ljós að almennt er mikill stuðningur við hana meðal almennings. En áhugi á að starfa innan hreyfingarinnar



virðist ekki mikill. Sérstaklega var yngra fólk frábitið því að sækja fundi.² Staða hreyfingarinnar er því í senn bæði sterk og veik. Mikilvægi hennar er almennt viðurkennt, en tiltölulega fáir eru reiðubúnir að leggja mikið í sölurnar fyrir hana. Það bendir til að Eric Hobsbawm hafi haft rétt fyrir sér um „eyðingu fortíðarinnar“ sem vitnað var til hér að framan og að verulega skorti á að fólk sé upplýst um framlag verkalýðshreyfingarinnar til þess velferðarsamfélags sem flestir taka sem sjálfsagðan hlut. Þessi sýning er liður í því verkefni að auka skilning á hvað verkalýðshreyfingin hefur lagt af mörkum.

Kringum síðustu aldamót var jafnvel svo komið að sumir voru farnir að efast um tilverurétt verkalýðshreyfingarinnar vegna þess að öllum markmiðum hennar hefði verið náð. En fyrsta skeið nýrrar aldar hefur sýnt skýrt að svo er ekki. Í ljós kom að hreyfingin varð að fara að sinna grunnildum sínum í meira mæli en verið hafði um skeið: að gæta þess að greitt væri í samræmi við samninga, að farið væri eftir lágmarkskröfum um aðbúnað, að virt væri að körlum og konum væru greidd sömu laun, að reglur um vinnutíma væru virtar. Því fer fjarri að verkalýðshreyfingin hafi lokið hlutverki sínu.

Og að lokum: Verkalýðshreyfingin hefur verið einn mikilvægasti gerandi við mótun velferðarsamfélags á Íslandi á 20. öld. Hún hefur líka verið ein öflugasta félagshreyfing landsins. Þess vegna er mikilvægt að kanna sögu hreyfingarinnar, hvað hefur hún lagt til málanna, hvað hefur vel tekist, hvað miður og hvers vegna. Verkalýðshreyfingin hefur einfaldlega verið einn helsti mótandi þess samfélags sem við lifum í.

*Börn að vinna
á síldarplani á
Neskaupsstað um
1965. Ljósmynd
Ari Kárason/
Ljósmyndasafn
Íslands.*

² „Staða verkalýðshreyfingarinnar“, *Vinnan XLV* (1995) 3. tbl., bls. 8–9.



*Starfsmenn Olíuverzlunar Íslands í sumarferð á bifreiðum
félagsins um 1930.*

Ljósmynd Alfrið D. Jónsson/Ljósmyndasafn Íslands.

100 Years of the Icelandic Confederation of Labour

Iceland's first trade unions, which were fishermen's unions, were founded around 1890, but proved short-lived. Around 1900 land-based workers in the main centres of population began to organise.

The period before 1916 may be defined as the infancy of the trade union movement in Iceland: the movement was taking its first steps, attempts were made to apply strike action, and at least some unions convinced employers to accept their demands, and hence to recognise their existence. But it would take many more years to win general recognition for the union movement. At that time the focus was on workers' subsistence needs: collective purchasing organisations were founded to provide access to necessities at lower prices; and the unions aimed to establish rules on working hours and wages. The unions also established welfare funds for their members.

A new age dawned with the foundation on 12 March 1916 of *Alþýðusamband Íslands* (the Icelandic Confederation of Labour), an umbrella organisation representing the workers, together with a new political party, *Alþýðuflokkurinn* (the Social Democratic Party). The Confederation was founded by seven unions in Reykjavík and Hafnarfjörður, including one union of women workers. Within the Confederation, each union was fully autonomous regarding its own affairs. Centralised control was limited, and far less than in the labour movements of most neighbouring countries. The membership of each union was determined by field of work, place and gender.



*Samkoma framan við Alþýðuhúsið á Ísafirði um 1945.
Ljósmynd Sigurgeir Bjarni Halldórsson/Ljósmyndasafnið
á Ísafirði.*

Employers did not welcome the establishment of unions, which they generally dismissed as a nuisance. In the early days, membership of a union could thus be of dubious benefit: high-profile union activists often had difficulty finding work – sometimes even for long periods. Before long, many of the larger trade unions gained recognition of their existence and their right to negotiate collective agreements, but smaller unions in the regions found it harder to win acceptance. In the 1930s they were still campaigning for recognition – and that battle was often bitter. Once the unions had won recognition, their membership increased dramatically: it was now in the worker’s interest to join the union, as non-union workers were less likely to find employment. Over time, the benefits of union membership became ever clearer: union members were better paid than non-members, and they enjoyed a range of additional benefits. Towards the end of the 1930s the trade union movement was thus in a strong position, and had become one of the most powerful institutions in Icelandic society.

Under the Labour Laws enacted in 1938, union membership became obligatory in practice, although formally it remained optional – as was clarified later in the 20th century. In the later decades of the century, union membership declined in many countries with the rise of neoliberalist ideology. But trends varied widely from country to country; union membership was, and remains, most widespread in the Nordic countries. Iceland has the highest rates of membership: more than four-fifths of employees are union members. In many European countries union membership is far lower, and in some cases close to non-existent.

From the outset the Confederation of Labour placed emphasis on improving the conditions of working people, and campaigned for the unemployed to be offered work on public projects. The union movement also stressed the importance of self-help and self-sufficiency – not least in the interwar years. The working classes were urged to grow their own vegetables, and union-backed co-operatives and collective purchasing organisations were founded, following Scandinavian models.

In the early days “wage agreements” as such were not negotiated between workers and employers. Unions simply promulgated their pay scales. But before long agreements were being negotiated on wages and other conditions. In the early decades the role of the Confederation of Labour in industrial disputes was confined to providing assistance in negotiations when an agree-



*Verkfallsmenn á pöllum Alþingis að fylgjast með umræðum
í þingsal í verkfallinu 1963.*

Ljósmynd Ingimundur Magnússon/Ljósmyndasafn Íslands.

ment had not been reached, and in supporting the efforts of new and inexperienced unions to negotiate agreements.

The union movement achieved huge improvements in pay and conditions during World War II, 1939-45; and purchasing power continued to rise throughout the 1940s, after which conditions changed. For many years the union movement was engaged in a defensive campaign, with the aim of safeguarding the gains that had been made. In the 1960s the union movement and government succeeded in collaborating with the aim of negotiating on purchasing power rather than wage increases, and focussing on other factors which were important for quality of life – not least housing. This collaborative effort broke down in the 1970s. Government and the union movement did not achieve agreement on the best methods to deal with the economic problems of the time: salaries rose fast, but at the same time inflation spiralled out of control. A consensus between the social partners and government on a new approach was not achieved until 1990, after which strikes became less frequent. Strikes were a routine occurrence in Iceland prior to 1990, and sometimes lasted for weeks at a time. In this Iceland had differed from its Nordic neighbours.

In the first years of the union movement workers had almost no rights. Scarcely any provision was made for insurance, working conditions and equipment, working hours, wages, or anything else. And in the early 20th century the labour market was entirely different from what it is today: work was often intermittent and seasonal, and few workers were in permanent employment. Unemployment was common, and particularly bad in the 1920s and 30s. The workless had great difficulty supporting themselves and their families, and in hard times they had nowhere to turn, unless they had relatives who could help them out. On occasion those in need were assisted by voluntary organisations in Reykjavík, such as Vetrarhjálpin (Winter Aid) and Mæðrastyrksnefnd (Mothers' Aid).

From the early years, individual unions established welfare funds for the members, and after the Confederation of Labour was founded in 1916 it introduced registration of the unemployed, and a job-finding service; these functions were later taken over by government. The unemployed were also offered work on public development projects in the 1920s and 30s, not least due to the efforts of trade unions. This went some way to relieve want, but the situa-



*Brúarvinnuflokkur við smíði brúar yfir Laxá í Hrútafirði 1929.
Ljósmynd Geir Zoëga/Ljósmyndasafn Íslands.*

tion of many remained dire – especially women, who had limited access to the public projects. Widespread unemployment and want in the 1930s gave rise to intense social conflict, the like of which would not be seen again until the first decade of the 21st century. Although many saw a risk of revolution in the 1930s, in fact no such situation arose in Iceland at that time.

The social security system developed only slowly during the 20th century, but gradually improved. The major advance of the interwar years was the enactment in 1936 of the Social Security Act, along with related legislation at the same time. Developments in social security were slower than in neighbouring countries, and specific entitlements were invariably introduced later in Iceland. The right to maternity leave for women workers, for instance, did not become universal until the 1970s. The greatest advances in parental leave were introduced in 2000.

The first pension funds for employees were established in the 1920s for specific groups of civil servants, but pension funds did not become available to all for another 50 years.

Another important landmark was achieved in collective agreements in 1955, after one of the fiercest labour disputes of the century. Agreement was reached on unemployment benefits; but this had little significance in practice except for short periods, as unemployment was generally low in Iceland. After the bank collapse of 2008, Iceland experienced unprecedented levels of unemployment – up to 10% for a time, a similar rate to that prevalent in various neighbouring countries for many years.

In the early years of the 20th century, shortage of housing was a severe problem for the working classes, not least due mass migration into urban centres. Many had to live in poor and over-priced accommodation, and overcrowding was common. Around 1920 action was taken to try to resolve the housing shortage, when the union movement founded the Reykjavík Building Association. A far bigger step followed in 1929, with legislation on workers' housing – a form of social housing whereby the residents became owners of their homes. From the mid-1960s, large quantities of social housing were built in the new Reykjavík suburb of Breiðholt, following an agreement between unions and government. In the 1970s and 80s the workers' housing system was developed further, but around 2000 it was abolished.

In the early years of the union movement few restrictions applied to working hours, except for those prescribed by tradition. Employees worked for as long



*Iðnverkakonur að störfum í Prjónastofunni Heklu á Akureyri
vorið 1964.*

Ljósmynd Runólfur Elentínusson/Ljósmyndasafn Reykjavíkur.

as the employer deemed necessary. But individual unions soon sought to negotiate limitations on working hours. In the first half of the 20th century children were an important part of the labour force, and in many cases children were worked far too hard. Legislation limiting child labour was not enacted until the late 1940s, but such provisions had sometimes been included in collective agreements.

Employees in general worked long hours for much of the 20th century – generally far longer than in comparable countries. In 1972, a 40-hour working week was provided in law, and working hours were gradually reduced under various regulations. The biggest step forward was taken in the mid-1990s.

The idea of leisure and holidays, other than weekends and public holidays, may not have been a totally foreign concept to the working classes in the first half of the 20th century – but paid holidays as we know them today were unknown. The first step was taken in the second decade of the 20th century by printers, but little progress was made until the 1930s, when several unions negotiated 12 days' paid summer holiday. Legislation on paid holiday was enacted in 1943 in accord with union demands. For a long time, many employees used their "holiday" to do other work, but opportunities to take "real" holidays gradually increased, as did people's desire to do so. But it took a long time to "teach" people to go on holiday: one element in this process was the building of holiday cabins by trade unions, to which working people have now had access for half a century.

Until the last years of the 20th century, foreign workers were a rarity in Iceland, and work permits were subject to strict limitations. By 1980 the number of foreign workers was increasing, especially in specific sectors of the economy; and in the economic "boom" of the years after 2000 the number of foreign workers rose dramatically, reaching similar levels to those in other countries. This became one of the major issues facing the unions in the new century: the union movement had to address issues concerning the fundamental rights of workers, just as it did in the infancy of the movement a hundred years ago. The same was true in many neighbouring countries.

Well into the 20th century the union movement was mainly concerned with male workers, who were seen as family breadwinners, who supported their wives and children. The Confederation of Labour was supportive of the interests of women workers, while the Women's Rights Association also made a major contribution. It was taken for granted that women's pay was lower

than men's, and for a long time women had little say within the union movement. Women were few among the leaders of the Confederation of Labour, and sometimes there was not one woman. Women were also poorly represented in the leadership of the Social Democratic Party, the political branch of the Confederation of Labour. Some men within the union movement even felt that women's unions should focus on welfare issues, rather than wage agreements. Gender-segregated unions were common – far more common than in the neighbouring countries. Women's status in the union movement did not start to improve until the latter half of the twentieth century, when many more women entered the work force.

In the late 1960s, women workers placed emphasis on their demand for equal pay for equal work, and the abolition of gendered pay scales. A few unions had already achieved this advance before 1950. At the same time, efforts were made to equalise women's pay and conditions in different regions of the country – and that objective was achieved around 1960. The abolition of women's pay scales was not achieved until 1961, with the enactment of legislation on equal pay for men and women. This occurred at around the same time as in the other Nordic countries, and many believed that the gender pay gap would be closed within a short time. Unions gradually abandoned gendered pay scales. The 1960s saw an awakening in the campaign for fair pay for women, as increasing numbers of women entered paid employment. But, despite campaigning and focus on women's status, the gender pay gap has still not been eliminated: today a noticeable unexplained pay gap exists between men and women, and women's work is invariably less valued than that of men.

From the outset women had difficulty in achieving advancement within the trade union movement; in 1972 the executive board of the Confederation of Labour included only one woman. But from the early 1980s women's role and influence within the organisation gradually increased, and since 1984 the deputy chair of the Confederation of Labour has been a woman. Today about one-quarter of the members of the executive board are women; and more improvement is still needed.

The union movement as a whole placed emphasis on social life and promoting “working-class culture.” This entailed nurturing an ideological system and adopting customs which would reinforce people's perception of themselves as belonging to a specific social class, with shared interests and its own culture. Actions in other countries, and within the international labour

movement, were taken as models, and activities also followed the example of Icelandic movements such as youth associations and the temperance movement.

Symbols became important: anthems, red flags and “people’s houses”. Entertainments and excursions were organised – and temperance was at the very heart of the movement. Indulgence in alcohol was seen as grist to the mill of the class enemy (the capitalists), to be resisted by all possible means. May Day, International Workers’ Day, had a role to play, offering a chance for the union movement to display its might. Many unions built or purchased buildings for their activities, with contributions and participation by the membership – reflecting the autonomy and strength of the movement.

Looking back over the history of the union movement, and comparing its role today with that of the early days, it transpires that much is the same, while other aspects have changed drastically. The principal role of the unions is of course to address issues of pay and conditions, and to safeguard the rights which have been won for workers; but they also have an important role to play in providing services to employees; and in addition the union movement has taken on some aspects of social security and education. The union movement operates extensive educational programmes, holiday cabins and sickness benefit funds, and provides legal advice. The union movement has thus achieved huge progress in many fields, and has been a driving force in the development of a welfare state.

Around the beginning of the 21st century, doubts were being voiced by some about the need for a union movement – since it had achieved all its goals. But the first years of the new century were to disprove that claim. It transpired that the movement had to return to upholding its fundamental principles again, more than had been the case: to ensure that workers were paid in accordance with collective agreements, and that minimum standards for working conditions were observed, and that pay equity between men and women was respected, along with regulations regarding working hours. The union movement is far from being redundant. And this exhibition is one part of the outreach programme to raise consciousness of what the union movement has contributed and achieved in a hundred years.

1. maí merki ASÍ





Rit Þjóðminjasafns Íslands / Publications of the National Museum

1. *Ísland 1951. Ljósmyndir Hans Malmbergs.* 2001.
2. *Enginn getur lifað án Lofts. Loftur Guðmundsson konunglegur hirðljósmyndari og kvikmyndagerðarmaður í Reykjavík.* 2002.
3. *Ólafur Magnússon. Konunglegur hirðljósmyndari.* 2003.
4. *Í eina sæng. Íslenskir brúðkaupssiðir.* 2004.
5. *Þjóð verður til. Menning og samfélag í 1200 ár.* 2004.
6. *Ómur. Landið og þjóðin í íslenskri hönnun.* 2005.
7. *Making of a Nation. Heritage and History in Iceland.* 2005.
8. *Skuggaföll. Portrettmyndir Kristins Ingvarssonar.* 2005.
9. *Ísland. Alfred Erhardt.* 2005.
10. *Rætur rúntsins. Ljósmyndir Rob Hornstra.* 2006.
11. *Eine Nation Entsteht, 1200 Jahre Kultur und Gesellschaft in Island.* 2006.
12. *Auga gestsins. Ljósmyndir Hans Wiingaard Friis.* 2007.
13. *Leiðin á milli. Guðbjörg Lind, Guðrún Kristjánsdóttir og Kristín Jónsdóttir.* 2007.
14. *Á efsta degi. Býsönsk dómsdagsmynd frá Hólum.* 2007.
15. *Endurkast – íslensk samtímaljósmyndun.* 2008.
16. *Yfir hafið og heim – Íslenskir munir frá Svíþjóð.* 2008.
17. *Making of a Nation. Heritage and History in Iceland. Revised edition.* 2008.
18. *Þjóðin, landið og lýðveldið. Vigfús Sigurgeirsson ljósmyndari og kvikmyndagerðarmaður.* 2008.
19. *Endurfundir. Fornleifarannsóknir styrktar af Kristnihátíðarsjóði 2001–2005.* 2009.
20. *Afturgöngur og afskipti af sannleikanum.* 2009.
21. *Ævispor – Útsaumsverk Guðrúnar Guðmundsdóttur.* 2010.
22. *Sögustaðir – Í fótspor W.G. Collingwoods. Í samvinnu við Crymogeu.* 2010.
23. *Ljósmyndari Mývetninga. Mannlífsm myndir Bárðar Sigurðssonar frá upphafi 20. aldar.* 2011.
24. *Guðvelkomnir, góðir vinir. Íslensk útskorin horn.* 2011.
25. *Making of a Nation. Heritage and History in Iceland. Revised edition.* 2011.
26. *Ásfjall. Ljósmyndir Péturs Thomsen.* 2011.
27. *Hjálmar R. Bárðarson í svarthvítu.* 2011.
28. *Tízka – kjólar og korselett.* 2012.

29. *Reykholt – Archaeological Investigations at a High Status Farm in Western Iceland*. 2012.
30. *Teikning – þvert á tíma og tækni*. 2012.
31. *Íslensk silfursmíð*. 2013.
32. *Sigfús Eymundsson. Frumkvöðull í ljósmyndun á Íslandi*. 2013.
33. *Betur sjá augu – Ljósmyndun íslenskra kvenna 1872–2013*. 2014.
34. *Svípmyndir eins augnabliks. Ljósmyndir Þorsteins Jósefssonar*. 2014.
35. *Á veglausu hafi*. 2015.
36. *Sjónarhorn*. 2015.
37. *Points of View*. 2015.
38. *Bláklædda konan. Ný rannsókn á fornu kumli. Bundled-up in Blue. The re-investigation of a Viking Grave*. 2015.
39. *Hvað er svona merkilegt við það? Störf kvenna í 100 ár*. 2015.
40. *Vinnandi fólk. Alþýðusamband Íslands 100 ára*. 2016.

Önnur ritverk

- Inga Lára Baldvinsdóttir. *Ljósmyndarar á Íslandi 1845–1945*. Í samvinnu við jpv-forlag. 2001.
- Hlutavelta tímans. Menningararfur á Þjóðminjasafni*. 2004.
- Þóra Kristjánsdóttir. *Mynd á þili – Íslenskir myndlistarmenn á 16., 17. og 18. öld*.
Í samvinnu við jpv-forlag. 2005. Mary Ellen Mark, Einar Falur Ingólfsson, Ívar Brynjólfsson, og Margrét Hallgrímsdóttir: *Undrabörn / Extraordinary Child*. 2007.
- Æsa Sigurjónsdóttir. *Til gagns og til fegurðar. Sjálfsmyndir í ljósmyndum og klæðnaði á Íslandi 1860–1960*. 2008.
- Þór Magnússon. *Á minjaslóð*. 2008.
- Ritröðin *Kirkjur Íslands*. Í samstarfi við fleiri aðila. 2001–2015.

Verkalýðshreyfingin hefur verið einn mikilvægasti gerandi við mótun velferðarsamfélags á Íslandi á 20. öld. Hún hefur líka verið ein öflugasta félagshreyfing landsins. Þess vegna er brýnt að kanna sögu hreyfingarinnar, hvað hún hefur lagt til málanna, hvað hefur vel tekist, hvað miður og hvers vegna. Mikilvægt er að rifja upp þetta framlag vegna þess að ekki er unnt að skilja og meta samtímann nema þekkja fortíðina. Sýningin *Vinnandi fólk. Alþýðusamband Íslands 100 ára* er liður í því verkefni.

